

# STJÓRNARTÍÐINDI A 28 — 1973

20. desember 1973.

291

Nr. 96.

## L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ný grein, 233. gr. a, orðist svo:

Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, lítarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

#### 2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

27. desember 1973.

Nr. 97.

## L Ö G

um löndun á loðnu til bræðslu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sildar- og fiskimjòlsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 2. gr.

#### 2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda,

eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.

Nefndin skal veita fiskiskipum upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð. Skipstjóri hvers skips skal tilkynna nefndinni við brottför af veiðisvæði um aflamagn, veiðisvæði og löndunarhöfn. Vanræki skipstjóri að gefa framangreindar upplýsingar, getur viðkomandi skip glatað þeirri löndunarröð, sem það annars hefði haft, auk þess sem nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt 5. gr. Ef ekki er hægt að ákveða löndunarhöfn við brottför af veiðisvæði, skal nefndinni tilkynnt um löndunarhöfnina, um leið og hún hefur verið ákveðin, en samt sem áður skal nefndinni ávallt tilkynnt um aflamagn og veiðisvæði viðkomandi skips, um leið og haldið er af veiðisvæði. Fiskiskipi er óheimill að leita löndunar hjá verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun.

### 3. gr.

Loðnunefnd skal fara með stjórn loðnuflutningasjóðs, sem stofnaður var á loðnuvertíð 1973. Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, hve mikið skal greiða í loðnuflutningasjóð, að fengnum tillögum Loðnunefndar.

Ákvörðun um greiðslu til loðnuflutningasjóðs skal tekin um leið og verðlagning loðnu fer fram, hverju sinni.

Loðnunefnd annast innheimtu loðnuflutningasjóðsgjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er Loðnunefnd setur. Nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð hverju sinni, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs.

### 4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Loðnunefndar og álitni samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Heimillt skal að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Kaupendur skulu standa skil á greiðslum þessum, og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal hann geymast til næsta árs.

### 5. gr.

Gerist stjórnendur verksmiðja brotlegir við 1. eða 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimillt að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa, þó að móttökuskilyrði séu fyrir hendi. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimillt að stöðva löndun í viðkomandi verksmiðjur í allt að sjö sólarhringa.

Gerist skipstjóri brotlegur við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimillt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að þrjá sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimillt að setja löndunarbann

á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvik Jósefsson.*

## FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 94. löggjafarþings, frá 21. desember 1973 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 21. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 1. gr. orðist þannig:

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi isl. fiskframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.